



## GJALDSKRÁ fyrir katta og hundahald í Blönduóssbæ

### 1. gr.

Af hundum og köttum í Blönduóssbæ skal bæjarsjóður innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari sem eru ætluð til að standa undir kostnaði við framkvæmd samþykktar um hundahald í Blönduóssbæ, nr. 242/2004 og samþykkt um kattarhald í Blönduósbæ, nr. 1121/2005.

### 2. gr.

Við umsókn um skráningu hunds í fyrsta sinn skal innheimta skráningagjald að upphæð kr. 3.000 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna hunds að upphæð 9.650,- miðað við heilt ár. Við umsókn um skráningu kattar í fyrsta sinn skal innheimta skráningargjald að upphæð kr. 3.000 ásamt árlegu leyfisgjaldi vegna katta að upphæð 3.450,- miðað við heilt ár. Leyfisgjaldið lækkar svo eftir því sem líður á árið þegar kemur til fyrstu skráningar, gjaldið er í janúar-mars 100%, apríl-júní 75%, júlí-sept 50% og okt-des 25%.

Leyfisgjald er ekki endurgreitt þrátt fyrir breytingar á katta- eða hundahaldi innan ársins.

### 3. gr.

Greiðsla fyrir ábyrgðartryggingu hunda er innifalin í gjaldi sem innheimt er samkvæmt 2. gr. Í þessu sambandi vísast til e- og f-liða 2.gr. samþykktar um hundahald á Blönduósi nr. 242/2004, sem kveða á um skyldur hundaeigenda til að hafa hunda sína ábyrgðartryggða og er tryggingin innfalin í gjaldinu enda sé það í skilum. Árleg hundahreinsun er á ábyrgð eigenda og framkvæmd hennar í höndum hundaeigenda og ber þeim að snúa sér til dýralæknis sem annast hana á kostnað hundaeigenda.

### 4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal innheimta handsömunargjald sem hér segir:

Fyrsta afhending kr. 10.000,-	Önnur afhending kr. 18.000,-
Þriðja afhending kr. 27.700,-	Við afhendingu hunds/kötts sem ekki er gilt leyfi fyrir kr. 21.750,-

Að auki skal umráðamaður hunds/kattar greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds. Óskráða hunda má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds og annars áfallins kostnaðar.

### 5. gr.

Gjalddagi leyfisgjalfa er 1. mars og eindagi 30 ðögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

### 6. gr.

Eigendur blindra-, leitar- og björgunarhunda eiga rétt á niðurfellingu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr., enda leggi þeir fram skilríki um að hundarnir séu notaðir í þeim tilgangi.

### 7. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Blönduóssbæjar staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998, með síðari breytingum, um hollustuhætti og mengunarvarnir, samanber samþykkt um hundahald í Blönduóssbæ nr. 242/2004 og samþykkt um kattarhald í Blönduósbæ nr. 1121/2005, til að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá númer 38/2016. Gjaldskráin var samþykkt í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra og staðfest á fundi sveitarstjórnar Blönduóssbæjar.

Sveitarstjórimm á Blönduósi, 20. desember 2017

  
Arnar Þorsteinnsson